

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/467
komudagur 13.11.2012

Garðabær, 07. nóvember 2012
2012100023/42-1-3
TB
jgo/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um hvalveiðar, 83. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 26. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur til þingsályktunar um gagngera endurskoðun á skipulagi og forsendum hvalveiða, 83. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að full ástæða er til að endurskoða skipulag og forsendur hvalveiða þ.m.t. vernd hvala og stöðu tegundarinnar í íslenskri löggjöf því enn er það svo að hvorki hvalir né selir njóta ekki almennrar verndar. Löngu er kominn tími til að vernd og nýting hvala og einnig sela sé grundvölluð á nútíma löggjöf um vernd og sjálfbæra nýtingu en ekki tímabundnum hagsmunum.

Í greinargerð framangreindrar tillögu kemur fram að á 138. löggjafarþingi lagði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um hvali (þskj. 981, 590. mál) er hafði það yfirlýsta markmið að stuðla að verndun hvala samhliða hagkvæmri sjálfbærri nýtingu hvalastofna. Jafnframt segir í greinargerð „Við þá endurskoðun á lögum er varða hvali sem hér er lagt til að ráðist verði í þarf að huga að grunnforsendum nýtingar á þeim. Því ber að kanna hvort ekki eigi fremur að ganga út frá friðun þeirra sem almennri reglu, er gera megi undantekningar á, í stað þess að gera ráð fyrir hvalveiðum og setja svo reglur og lög um tilhögun þeirra. Þá nálgun má m.a. finna í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, en þar segir í 1. mgr. 2. gr.: „Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.“ Í samræmi við það ætti því að fella út 2. mgr. 2. gr. en þar segir: „Ákvæði laga þessara taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir framangreinda nálgun og vísar m.a. í meðfylgjandi bréf frá stofnuninni til Alþingis, dagsett 17. maí 2011.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands dagsett 17. maí 2010.



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010
2010040010/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um hvali (heildarlög), 590. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um hvali (heildarlög), 590 mál.

Frumvarp það sem nú er lagt fram til umsagnar er að mestu samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi en smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á því. Breytingarnar miða frekar í átt að meiri nýtingu s.s í 6. gr. þar sem gefa skal út veiðileyfi til tveggja ára í senn í stað eins áður. Náttúrufræðistofnun sendi inn umsögn um farmangreint frumvarp á síðast ári en ekkert tillit hefur verið tekið til umsagnar stofnunarinnar eftir því sem best verður séð s.s. um vernd hvalategunda bæði „staðbundinna“ og dýra sem flakka milli yfirráðsvæða ýmissa ríkja og njóta jafnvel verndar annarsstaðar.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki vanþörf á að hafa skýr lagaákvæði um vernd og nýtingu hvalastofna. Náttúrufræðistofnun telur hins vegar þá aðferð sem hér er notuð að semja sérlög um einn ættbálk dýra gamaldags og ekki í samræmi við önnur lög í landinu né alþjóðasamninga. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru sett árið 1994. Þar er sérstaklega tekið fram að hvalir og selir heyri ekki undir þau lög. Mun nær hefði verið að setja nú lög um vernd og nýtingu allra sjávarspendýra við Ísland og samræma eða sameina við lög nr. 64/1994. Hafa ber í huga í þessu sambandi að selir eru utan laga og réttar í dag og umkomulausir í stjórnsýslunni en ekkert ráðuneyti hefur forsjá selamála. Í raun gildir veiðitilskipun konungs frá 1848 enn um seli. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að það sé eðlilegt að nýting og vernd lifandi auðlinda sé í einum og sama lagabálknum en ekki dreift eftir, að því er virðist, tilteknum hagsmunahópum í þjóðfélaginu, og að gætt sé samræmis m.a. vegna alþjóðasamninga s.s. hvað varðar samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreind lög um hvali séu ekki í anda nútíma laga um sjálfbæra nýtingu dýrastofna. Þessu sjónarmiði til rökstuðnings vill stofnunin benda á nokkur atriði sem betur mættu fara í lögunum og eru ekki ásættanleg t.d. með vísun í vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun telur að lögin eigi fyrst og fremst að tryggja verndun/friðun hvala þ.e.a.s. að almenna reglan eigi að vera sú að hvalir séu friðaðir nema að



annað sé tekið fram í lögnum. Þetta myndi þá svipa til þess að í lögum nr. 64/1994 er meginreglan sú að allir fuglar og landspendýr eru friðuð, en leyfilegt að veiða tiltekna tegundir. Með sama hætti yrðu allar tegundir hvala friðaðar en heimilt að veiða tiltekna tegundir s.s. hrefnu, langreiði og sandreiði samkvæmt nánari reglum líkar þeim sem nú gilda um fuglaveiðar. Slík nálgun væri jafnframt í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði umhverfismála.

Í 4. gr. frumvarpsins eru veiðar leyfðar á öllum smáhvölum og eru þeir skilgreindir sem allar hvalategundir aðrar en skíðishvalir og búrhvalur. Þetta er sett fram án alls rökstuðnings um hvort stofnstærðir viðkomandi hvalastofna þola veiði eða ekki og án tillits til þess hvort um alfriðaðar tegundir á heimsvísu er að ræða sem kunna að koma inn í íslenska landhelgi. Þetta er einnig sett fram án tillits til þess hvort tegundir eru almennt verndaðar með einum eða öðrum hætt skv. samningum sem Ísland er aðili að s.s. Bernarsamningnum. Eins og löggin eru nú verður leyfilegt t.d. að veiða náhval, háhyrninga, alla höfrunga, hnísur o.s.frv. Í lögnum er ekki einu sinni taldar upp tegundir sem njóta alfriðunar núna eða ættu að njóta alfriðunar s.s. steypireiður. Það er heldur ekki ásættanlegt að svo virðist sem að allir hvalir aðrir en skíðishvalir og búrhvalur eigi að vera utan alls eftirlits og engin takmörk eru sett á veiðar tegundanna eftir vistfræði þeirra s.s. með tilliti til árstíma. Það er ekki nægjanlegt að mati Náttúrufræðistofnunar að hafa reglugerðarákvæði, sbr. 7. gr. frumvarpsins, um ýmis möguleg verndarákvæði. Það hefur marg oft sýnt sig aerfitt að framfylgja verndarákvæðum í lögum og enn verra ef eingöngu er um að ræða reglugerðarákvæði sem oft vantar markvissa lagastoð.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill sérstaklega benda á að svo virðist sem að löggin geri ekki ráð fyrir aðkomu umhverfisráðuneytisins eða stofnana þess t.d. Náttúrufræðistofnunar að umsögnum og ráðgjöf er varðar sjálfbæra nýtingu og vernd eða reglugerðum eða öðru er varðar framkvæmd framangreindra laga og telur stofnunin þetta ekki vera í neinu samræmi við eðlilega stjórnslu umhverfismála.

Loks telur Náttúrufræðistofnun að heiti laganna ætti að vera lög um hvalveiðar verði þau samþykkt þar sem löggin fjalla nær eingöngu um veiðar en ekki um vernd hvalastofna.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggst eindregið gegn því að framangreint frumvarp verði samþykkt óbreytt og býðst til að mæta á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis til að skýra út sjónarmið sín sé þess óskað.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Umhverfisráðuneytið

